



Reykjavíkurborg

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 31. mars 2020

R16090064

D-578

Borgarráð

### ***Laugavegur 176 - Viðauki við samkomulag um uppbyggingu***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi viðauka við samkomulag við Reiti fasteignafélag hf., kt. 711208-0700 um fyrirhugaða uppbyggingu á lóðinni Laugavegur 176 í Reykjavík.

#### *Greinargerð*

Þann 21. desember 2018 undirrituðu Reykjavíkurborg og Reiti fasteignafélag hf., kt. 711208-0700, samkomulag um fyrirhugaða uppbyggingu á lóðinni Laugavegur 176 í Reykjavík. Í 6. gr. samkomulagsins er gert ráð fyrir að samkomulagið falli niður, nema um annað sé samið, ef deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt innan níu mánaða frá undirritun. Aðilar hafa komist að samkomulagi um að fella núverandi 6. gr. samkomulagsins úr gildi með viðauka og í staðinn komi nýtt svohljóðandi ákvæði:

*Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið afgreitt og samþykkt fyrir lok ársins 2020 eða framkvæmdir ekki hafnar innan tveggja ára frá gildistöku nýs deiliskipulags fellur samkomulag þetta niður nema um annað sé samið. Komi til þessa skal hvorugur aðili eiga kröfu á hinn.*

Að öðru leyti en að framan greinir heldur samkomulag um fyrirhugaða uppbyggingu á lóðinni Laugavegi 176, dags. 21. desember 2018, fullu gildi.

Helga Björg Ragnarsdóttir